

Ed.

472. Breytingartillaga

[233. mál]

við frv. til laga um váttryggingarstarfsemi.

Frá Albert Guðmundssyni.

Við 22. gr. bætist:

Aðilar hér á landi, sem hyggjast tryggja erlendis verðmæti, sem eru íslensk eign að einhverju eða öllu leyti, án milligöngu váttryggingarfélags sem hefur starfsleyfi á Íslandi skv. lögum þessum, skulu sækja um leyfi til tryggingamálaráðherra, sem að fenginni umsögn tryggingaeftirlitsins getur veitt slíkt leyfi til eins árs í senn. Þeir, sem skv. leyfi tryggingamálaráðherra tryggja erlendis án milligöngu íslensks tryggingafélags, skulu árlega senda tryggingaeftirlitinu skýrslu um tryggingar sínar, svo sem um væri að ræða íslenskt váttryggingarfélag, sbr. 42. gr. laga þessara. Þeir eru og gjaldskyldir til tryggingaeftirlitsins á sama hátt og íslensk tryggingafélög, sbr. 46. gr. laganna.

Aðili, sem tryggir erlendis skv. leyfi tryggingamálaráðherra, er söluskattskyldur til jafns við að tryggt væri hjá eða fyrir milligöngu íslensks tryggingafélags. Þá er hann og háður þeim reglum, sem á hverjum tíma gilda um ráðstafanir gjaldeyris og gjaldeyrisstil vegna þjónustu sem keypt er erlendis.